

English Below.

Nýnemaferð 2023 upplýsingar og skráning!

Þann 1. september 2023 verður farið í hina árlegu nýnemaferð NFMH. Í ár er ferðinni heitið á Stokkseyri.

Lagt verður af stað frá MH kl.13:00, mæting er klukkan 12:30 á bílastæði vestan við skólann. Mælt er með því að öll verði búin að borða áður en lagt er af stað. Einnig væri sniðugt að taka með sér smá nesti til þess að hafa yfir daginn en NFMH býður upp á pylsur/bulsur og gos í kvöldmat. Þetta verður dagsferð og komum við heim á milli 22:00 og 22:30. Stjórn NFMH og Listafélag skólans standa fyrir kvöldvöku, sundlaugarpartýi, grilli og fleiri skemmtilegheitum í ferðinni. Mikilvægt er að allir nýnemar taki með sér sundföt og handklæði, viðeigandi útifatnað og svo auðvitað góða skapið. Markmiðið er að nýnemar kynnist hvert öðru sem og nemendafélaginu svo næstu dagar, vikur, mánuðir og ár verði sem allra eftirminnilegust.

Ferðin er með öllu áfengis- og vímuefnalaus. Einnig eru rafrettur, níkótínþúðar og aðrar tóbaksvörur stranglega bannaðar.

Starfsmenn skólans verða með í för en hægt verður að hafa samband við Þórunni eða Önnu Eir, félagsmálafulltrúa, í síma 892-7187 á meðan á ferðinni stendur. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi ferðina má hafa samband við Jórunni Elenóru Haraldsdóttur, forseta nemendafélagsins, í síma 666-5575, eða með tölvupósti; jorunn@nfmh.is.

Verð fyrir ferðina er 2000 krónur og er greitt á nemendafélagsskrifstofunni í Norðurkjallara eða á Matgarði þar sem meðlimir úr stjórn eða Listanefnd munu sitja og taka á móti greiðslum.

Nýnemavikan byrjar mánudaginn 28. ágúst og alla vikuna verða alls kyns viðburðir og skemmtanir sem Listafélagið sér um. Vikan endar með nýnemaferðinni á föstudeginum.

Dagskrá nýnemaviku:

Mánudagur 28. ágúst: Busaskemmtun í Norðurkjallara - 20:00-22:00.

Þriðjudagur 29. ágúst: Busadjamm í Norðurkjallara - 21:00-23:00.

Miðvikudagur 30. ágúst: Hádegisskemmtun - Rave í Undirheimum.

Fimmtudagur 31. ágúst: Skemmtun á Klambratúni - 17:00-19:00.

Föstudagur 1. september: Nýnemaferð!

Kv. NFMH

Freshman Trip 2023 Information and registration!

On the 1st of September 2023 there will be the yearly NFMH freshman trip. This year we will be going to Stokkseyri.

We set off from MH at 13:00 sharp. Freshmen should arrive at the school's west parking lot at 12:30. We recommend that everybody have something to eat before leaving and or bringing some snacks for the day ahead. NFMH will offer dinner for everyone. This will be a day-trip and we will arrive back at MH at 22:00-22:30 that same day. The board of NFMH and listó will host an evening entertainment, pool party, grill and many more fun activities on this trip. This is all done with the goal that freshmen get to know each other better as well as the student council, and we hope that the next days, weeks, months and year will be memorable and fun. The trip is alcohol and substance free. Vapes, nicotine pouches and other tobacco products are prohibited. School staff will be present but you can contact social workers Þórunn and Anna, with the number 892-7187 while the trip is on going. If any questions need answering regarding the trip, you can contact Jórunn Elenóra Haraldsdóttir, president of NFMH, by number 666-5575 or by email: jorunn@nfmh.is. The board will offer hot dogs and soda in the evening. The price of the trip is 2000kr and you can pay at the NFMH office in Norðurkjallari or at Matgarður where members of the council or listó will sit and collect your payment. It is important that freshmen bring swimming clothes and a towel, appropriate clothing according to weather and of course a happy mood.

Earlier in the week there will be many events that listó is throwing for the freshmen of MH! The freshmen week starts on Monday 28th of August and ends with with freshmen trip the following Friday.

Schedule:

Monday August. 28: Freshmen night in Norðurkjallari - 20:00-22:00.

Tuesday August. 29: Freshmen party in Norðurkjallari - 21:00-23:00.

Wednesday August. 30: Lunch party in Undirheimar

Thursday August. 31: - After school fun in Klambratún - 17:00-19:00

Friday September. 1: Freshmen trip!